

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Laxár í Aðaldal.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Laxár. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns hverju sinni.

2. gr.

Félagssvæðið nær frá ósum Laxár að landamerkjum Ytra-Fjalls og Syðra-Fjalls vestan ár, og Haga og Hrauns austan ár.

Jarðir í félaginu eru: Laxamýri, Laxamýri 2, Núpar, Kjölur, Knútsstaðir, Árbót, Tjörn, Jarlsstaðir, Hjarðarhagi, Laxárnes, Nes, Árnes, Hólmavað, Hagi 1, Hagi 2, Fornahagi, Austurhagi og Ytra-Fjall.

3. gr.

Verkefni félagsins er að efla fiskgengd og arðsemi veiðihlunninda á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eins og um getur í 44. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Félagið ráðstafar veiði eins og hér segir:

- a) Leigir félagssvæði sameiginlega eða í hlutum til stangveiði.
- b) Úthlutar hverri jörði (eða jörðum sem hafa óskipta veiði) sínum veiðihluta, sem eigendur noti sjálfir eða leigi öðrum til stangveiði.

4. gr.

Öll veiði er óheimil á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi veiðiréttarhafa. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma, veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum, sem skipta með sér verkum. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórn á víxl eftir eitt og tvö ár samkvæmt hlutkesti og loks einn maður þriðja árið og helst svo sama röð áfram. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið og hinir hitt árið.

6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar í störf í þágu félagsins sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum þess.

7. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir maílok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starf þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn félagsins ber að færa reikninga í gerðabók, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

9. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði ásamt síðari breytingum.

11. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld samþykkt fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 201/1940.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. júní 2006.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.